



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**

Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík  
[nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)

## ***Gróður og vistgerðir í eyjum á Breiðafirði***

*Bæjarey, Akurey, Skjaldarey, Seley, Miðey,  
Suðurey, Vesturey, Lyngey, Höfn, Björgúlfsey,  
Vaktarey, Helgey, Hrappsey og hólma þar um  
kring*

**Hulda Birna Albertsdóttir  
Hafdís Sturlaugsdóttir**

Nóvember 2024  
NV nr. 19-24

|                                                                                                                                                                                                             |                          |                                                                                                                                              |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  <b>NÁTTÚRUSTOFA<br/>VESTFJARÐA</b>                                                                                        |                          | <b>Dagsetning:</b> nóvember 2024                                                                                                             |
|                                                                                                                                                                                                             |                          | <b>Dreifing:</b><br><input type="checkbox"/> Opin<br><input type="checkbox"/> Lokuð til:                                                     |
| <b>Skýrsla nr.:</b><br>NV nr. 19-24                                                                                                                                                                         | <b>Verknúmer:</b><br>640 |                                                                                                                                              |
| <b>Heiti skýrslu:</b><br>Gróður í eyjum á Breiðafirði. Bæjarey, Akurey, Magáll, Klofrifur, Skjaldarey, Vesturey, Lyngey, Arnórseyja (Seley, Miðey, Suðurey), Höfn, Björgúlfsey, Vaktarey, Helgey, Hrappsey. |                          | <b>Blaðsíður:</b> 54                                                                                                                         |
| <b>Höfundar:</b><br>Hulda Birna Albertsdóttir og<br>Hafdís Sturlaugsdóttir                                                                                                                                  |                          | <b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b> Lokaeintak                                                                                                     |
| <b>Verkefnastjóri:</b> Hulda Birna Albertsdóttir                                                                                                                                                            |                          | <b>Unnið fyrir:</b> Orkubú Vestfjarða                                                                                                        |
| <b>Lykilorð íslensk:</b><br>Gróður, vistgerðir, æðplöntur, fuglar, gróðurmælingar, Akureyjar, Breiðafjarðanefnd, Breiðafjörður.                                                                             |                          | <b>Lykilorð ensk:</b><br>Vegetation, habitat types, plants, habitat survey, birds, plant survey, Akureyjar, Breiðafjarðanefnd, Breiðafjörður |
| <b>Undirskrift verkefnastjóra:</b><br>Hulda Birna Albertsdóttir                                                                                                                                             |                          | <b>Yfirfarið af:</b><br>Lilja Gunnarsdóttir.                                                                                                 |

## ÚTDRÁTTUR

Breiðafjörður er næst stærsti flói Íslands og er á vestanverðu landinu. Lífríki Breiðafjarðar er sérstakt, auðugt og fjölbreytt og er fjörðurinn einstakt landslagfyrirbæri á landsvísu, jafnvel heimsvísu. Eyjar Breiðafjarðar hafa lengi verið nýttar til ýmissa nytja, svo sem æðardúntekju, eggjatínslu, selveiða og til búskapar og þar er mikið sjófuglavarþ. Akureyjar eru þéttur eyjaklasi utan við Skarðsströnd á Breiðafirði. Markmið rannsóknarinnar var að afla grunnupplýsinga um gróður, vistgerðir í Akureyjum á Breiðafirði; Akureyja (Bæjarey, Akurey), Klofrífa, Skjaldarey, Arnórseyja (Seley, Miðey, Suðurey), Vesturey, Lyngey, Höfn, Björgúlfsey, Vaktarey, Helgey og Hrappsey og hólma í kring um eyjarnar. Þar voru gerð vistgerðakort og reiknað út stærð hvernar vistgerðar í sérhverri eyju, skráðar þær æðplöntutegundir sem fundust og athugað með tegundir sem eru sjaldgæfar eða á valista. Auk þess voru aðrir skráningarþættir metnir, svo sem vaxtarstaðall, beitarálag, skráðar þær fuglategundir sem sáust í hverri eyju, stærð eyja var mæld og hæsta hæð yfir sjávarmáli, landeigandi og nýting skráð. Ef minjar voru sjáanlegar voru þær skráðar, auk annarra þátta sem vert þótti að taka fram. Gerðar voru gróðurmælingar í tveimur eyjum; Bæjarey (3 snið) og Helgey (1 snið) í þremur vistgerðum.

Stærstu eyjarnar voru Bæjarey, Lyngey og Björgúlfsey. Flestar eyjarnar voru helst nýttar til æðardúnstekju en nokkrar minjar sáust í eyjunum. Við kortlagningu voru níu landvistgerðir skráðar þar með mismunandi þekju og tveir flokkar af manngerðu landi. Algengasta vistgerðin var sjávarkletta og eyjavist, og var hún flokkuð í sjö undirflokkar vegna þess hve ólík hún var, bæði hvað varðar ríkjandi tegundir og grósku. Ætíhvönn (*Angelica archangelica*) er mjög útbreidd um allar eyjarnar en einnig melgresi, reyrgresi, njóli og túnsúra.

Gróðursnið sem tekin voru í eyjunum svipuðu til meðaltala Náttúrufræðistofnunar hvað varðar mælingar á gróðurfarsi og tegundafjölbreytni.

Eins og fram kemur í Verndaráætlun Breiðafjarðar (Breiðafjarðanefnd, 2014) er Breiðafjörður einstök heild og er náttúrufar svæðisins sérlega fjölbreytt og auðugt hvað varðar lífríki, jarðmyndanir og landslag en svæðið er líka þekkt fyrir sérstæðan og fjölbreyttan hlunnindabúskap og menningarminjar. Úttekt á borð við þessa getur nýst til áframhaldandi vinnu við mat á verndargildi svæðisins og undirbúningsvinnu við frekari verndaráform.

## EFNISYFIRLIT

|                                                   |    |
|---------------------------------------------------|----|
| ÚTDRÁTTUR .....                                   | 3  |
| 1. INNGANGUR .....                                | 5  |
| 2. Aðferðir og markmið.....                       | 6  |
| 3. Niðurstöður .....                              | 9  |
| 3.1 Bæjarey .....                                 | 9  |
| 3.2 Akurey og Magáll .....                        | 11 |
| 3.3 Klofrifur .....                               | 13 |
| 3.4 Skjaldarey .....                              | 15 |
| 3.5 Arnórseyjar.....                              | 17 |
| 3.6 Vesturey .....                                | 19 |
| 3.7 Lyngey .....                                  | 21 |
| 3.8 Höfn og hólmar .....                          | 23 |
| 3.9 Björgúlfsey .....                             | 25 |
| 3.10 Vaktarey .....                               | 27 |
| 3.11 Helgey .....                                 | 29 |
| 3.12 Hrappsey .....                               | 31 |
| 3.13 Vistgerðir, tegundir og gróðurmælingar ..... | 33 |
| 4. Umræður .....                                  | 44 |
| Heimildir .....                                   | 46 |
| Viðauki 1. ....                                   | 48 |
| Viðauki 2. ....                                   | 49 |
| Viðauki 3. ....                                   | 53 |

## 1. INNGANGUR

Breiðafjörður er næst stærsti flói Íslands og er á vestanverðu landinu. Fjörðurinn er um 70 km breiður við mynnið og hefur gríðarlegan fjölda eyja, hólma og skerja. Lífríki Breiðafjarðar er sérstakt, auðugt og fjölbreytt og er fjörðurinn einstakt landslags fyrirbæri á landsvísu, jafnvel heimsvísu (Breiðafjarðarnefnd, 2014). Breiðafjörður er verndaður með lögum nr. 54/1995 þar sem tilgangur laganna er að stuðla að verndun fjarðarins, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka einnig til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum.

Landslag Breiðafjarðar mótaðist að mestu af rofi jökla á síðustu ísöld og má víða finna jarðhita í fjörum og sjó (Breiðafjarðarnefnd, 2014). Eyjar Breiðafjarðar hafa lengi verið nýttar til ýmissa nytja, svo sem æðardúnstekju, eggjatínslu, selveiða og til búskapar (Ævar Petersen, 1989). Þar er mikið sjófuglavarð og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru fyll, dílaskarfur, toppskarfur, æður, svartbakur, rita, kría, teista og lundi.

Akureyjar eru þéttur eyjaklasi utan við Skarðsströnd á Breiðafirði. Eyjarnar eru um 30 talsins og töldust einna auðveldastar til búskapar af öllum eyjum á Breiðafirði. Eyjarnar hentuðu bæði til búskapar og æðarvarps og voru mikil hlunnindi í formi æðarvarps ásamt öðrum hlunnindum af fugli og sel í hólum og skerjum (Ævar Petersen, 1989). Hér verður fjallað um náttúrufar í hluta af eyjum Akureyja á Breiðafirði; Akureyja (Bæjarey, Akurey), Klofrífa, Skjaldarey, Arnórseyja (Seley, Miðey, Suðurey), Vesturey, Lyngey, Höfn, Björgúlfsey, Vaktarey, Helgey og Hrappsey og hólma í kring um eyjarnar. Verkefnið var styrkt af Breiðafjarðarnefnd.

## 2. AÐFERÐIR OG MARKMIÐ

Markmið rannsóknarinnar var að afla grunnupplýsinga um gróður, vistgerðir í Akureyjum; Akureyjum (Bæjarey, Akurey), Klofrifum, Skjaldarey, Arnórseyjum (Seley, Miðey, Suðurey), Vesturey, Lyngey, Höfn, Björgúlfsey, Vaktarey, Helgey og Hrappsey og hólma í kring um eyjarnar. Upplýsingarnar sem koma út úr rannsókninni geta nýst til að meta langtímabreytingar á gróðurfari í eyjunum.

### 2.1 Vistgerðir

Áður en vettvangsferð var farin var kannað hvaða vistgerðir hafa verið skráðar á vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024) sem var kortlagt í mælikvarðanum 1:25.000. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er einungis kortlögð ein landvistgerð í eyjunum; sjávarkletta og eyjavist (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024). Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar var heildarútbreiðslu hvernar vistgerðar lýst og lagt fram hvert verndargildi þeirra er (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Í þessari rannsókn var notaður vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019) við greiningu vistgerða. Við úrvinnslu gagna og gerð vistgerðakorta var auk þess stuðst við ljósmyndir frá vettvangi. Í þessari rannsókn var vistgerðakort gert í mælikvarðanum 1:4000. Vistgerðir voru afmarkaðar beint inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og var síðan flatarmál vistgerða reiknað út. Við mat á verndargildi vistgerðar var horft til fágæti vistgerðar, tegundaauðgi, grósku og kolefnisforða í jarðvegi (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Auk þess var tekið tillit til þess hvort vistgerðin nyti sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga (lög um náttúruvernd nr. 60/2013) og/eða sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, en Ísland á aðild að samningnum (Council of Europe, 2019). Vettvangsferðir sáu Hulda Birna Albertsdóttir og Hafdís Sturlaugsdóttir um frá 3- 6. júlí 2023 en Hulda Birna Albertsdóttir sá um úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

### 2.2 Æðplöntur

Áður en farið var á vettvang var válisti og útbreiðslukort válistategunda skoðað til að sjá hvort á svæðinu væru skráðar tegundir á listann (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Í vettvangsferð var gengið yfir svæðið um ólík vistlendi og æðplöntur skráðar. Í ferðinni var sérstaklega litið eftir sjaldgæfum tegundum og tegundum á válista sem skráðar eru í reitinn eftir reitakerfi (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson, 1970); þá sérstaklega flæðarskurfu (*Spergularia salina*). Flæðaskurfa er friðuð í auglýsingu nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda og flokkast sem tegund í nokkurri hættu (VU) og er einnig skráð á heimsválista Alþjóða náttúruverndarsambandsins (Salih Kavak, 2013). Tegundin er mjög sjaldgæf og hefur fundist á sjávarfitjum og leirum (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018b).

Við úrvinnslu gagna voru tegundir metnar út frá algengi þeirra og byggir aðferðin á flokkun sem var unnin fyrir landið í heild (Hörður Kristinsson og fl., 2007). Gert var grein fyrir því hvort sjaldgæfar eða friðlýstar æðplöntutegundir hafi fundist á svæðinu (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018a). Mosar og fléttur voru ekki greind til tegunda nema í einstökum tilvikum, en skráðir voru niður þeir mosar og fléttuhópar sem sáust í hverri eyju fyrir sig eftir föngum.

### 2.3 Aðrir skráningarpættir

Vaxtarstaðall hvernar eyjar var metinn þar sem sumar tegundir eru ríkjandi í eyjum sem ekki hafa hátt beitarálag. Þar var stuðst við aðferðir sem notaðar voru í gróðurkortlagningu eyja á

Breiðafirði 2018 (Carsen og fl., 2018) Dæmi um tegundir sem verða oft ríkjandi eru ætíhvönn (*Angelica archangelica*), melgresi (*Leymus arenarius*), njóli (*Rumex longifolius*), birki (*Betula pubescens*) og víðir (*Salix ssp.*). Við kortlagningu fékk sérhver eyja einkunn samkvæmt vaxtarstaðli; *lága-miðlungs-háa* einkunn. Ef eyja hafði enga útbreiðslu tegundanna fékk hún lága einkunn. Eyjar sem voru nokkuð þaktar tegundunum eða allt að 50% af flatarmáli þess, fékk miðlungs einkunn. Eyjar sem höfðu meira en 50% af flatarmáli tegundanna fengu háa einkunn.

Beitarálag var einnig metið á hverri eyju og stuðst við aðferðir úr sömu skýrslu (Carlsen og fl., 2018), en þar sem allar eyjarnar voru án búfjárbeitar var einungis um fuglabeit að ræða og var metin eftir beitarálagsstaðli: *lág- meðal- hátt*. Eyja fékk lága einkunn ef engin beit var sjáanleg og mikið um hávaxnar æðplöntutegundir. Meðal einkunn ef beit var áberandi á minna en 50% af eyjunni en háa einkunn ef beit var áberandi á meira en 50% af eyjunni.

Fuglategundir á eyjunum voru skráðar og hvort þar væri sjáanlegt varp en ekki voru gerðar talningar á fjölda fugla í eyjunum, þar sem vettvangsferð átti sér stað í júlí, sem hentar ekki vel til fuglatalninga.

Stærð eyja var mæld og hæsta hæð yfir sjávarmáli skráð með GPS tæki, landeigandi og nýting skráð. Einnig voru minjar skráðar ef þær voru sjáanlegar, en ekki var sérstaklega leitað eftir þeim auk ýmissa annarra þátta sem vert þótti að taka fram fyrir hverja eyju fyrir sig.

### 2.2.1 Gróðurmælingar

Í Bæjarey og Helgey voru gerðar gróðurmælingar á fjórum sniðum. Þrjú snið voru tekin í Bæjarey; eitt í gulstararflóavist, eitt í sjávarfitjungsvist og eitt í sjávarkletta- og eyjavist. Í Helgey var snið í sjávarkletta- og eyjavist. Þessar gróðurmælingar eru einnig hluti af verkefninu *vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru* sem er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofanna og snýst um að kortleggja náttúrulegan fjölbreytileika innan verndarsvæða með það að markmiði að meta breytingar til langs tíma, s.s. vegna loftlagsbreytinga.

Sniðin voru valin þannig að fyrst var vistgerðin ákveðin sem sniðið átti vera í, síðan var nánari staðsetning valin tilviljanakennt. Sniðin voru 40 m löng og sett út 5 m svæði sitt hvoru megin sniðsins og innan þess voru allar tegundir skráðar. Á hverju mælisniði voru settir niður sex 0,33\*1 m smáreitir til gróðurmælinga (mynd 1). GPS staðsetning upphafs (A)- og lokapunkts (B) á hverju sniði var skráð. Teknar voru yfirlitsmyndir við upphaf, miðju og enda allra sniða og af öllum sex smáreitunum (Viðauki 1). Til að mæla gróðurhæð (cm) var hæð mæld í hverju horni í hverjum smáreit og síðan tekið meðaltal af mælingunum. Heildarþekja gróðurs var metin sjónrænt upp að 100%, en þekja annarra þátta metin samkvæmt Braun – Blanquet skala (tafla 1), sem skiptist í grýtni-, háplöntu, mosa- og fléttuþekju. Síðan var þekja einstakra æðplöntutegunda skráð eftir sama skala. Ef melagambri, hraungambri og hærugambri fundust á sniðunum var það skráð niður ásamt engjaskófum (*Peltigera sp.*), breiskjufléttum (*Stereocaulon sp.*), mosa- og fléttuskán, kræðufléttum (*Cetraria*), hreindýramosa (*Cladonia sp.*) og svarðmosa (*Sphagnum sp.*) samkvæmt saman skala en mosar og fléttur voru ekki nánar greind til tegunda. Síðan voru skráðar allar þær æðplöntutegundir sem fundust á hverju sniði utan smáreita. Tegundarheiti voru byggð á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (2023). Jarðvegsdýpt var skráð fyrir hvern smáreit þar sem hún var mæld með 110 cm löngum járntei.

Í hverju sniði voru tekin jarðvegssýni á þremur smáreitum (2, 5 og 6) til greininga á sýrustigi (pH), kolefni (C%), hlutfalli kolefnis, nitri (N%) og sá Efnagreining á Akranesi um mælingarnar. Hluti sýna var þurrkaður við 105° og magn þurrefnis ákvarðað. Niðurstöður kolefnisinnihalds og niturs í sýnum voru leiðréttar fyrir þurrefni.



*Mynd 1. Smáreitur sem notaður var til gróðurfarsmælinga.*

*Tafla 1. Skali sem notaður var við mat á þekju einstakra tegunda í rannsókninni í Bæjarey og Helgey. Miðgildi þekjubilanna voru notuð við útreikning á meðaltölum og úrvinnslu gagna.*

| Einkunn | Þekjubil  | Miðgildi þekjubils |
|---------|-----------|--------------------|
| •       | 0 – 0,5%  | 0,25               |
| +       | 0,5 – 1%  | 0,75               |
| 1       | 1 – 5%    | 3                  |
| 2       | 5 – 25%   | 15                 |
| 3       | 25 – 50%  | 37,5               |
| 4       | 50 – 75%  | 62,5               |
| 5       | 75 – 100% | 87,5               |

Í úrvinnslu gagna úr gróðurmælingunum var reiknuð meðalþekja og dreifni af öllum tegundum og síðan hópum. Áður en úrvinnsla gagna hófst var einkunnum þekjuskalans umbreytt í þekjuprósentur miðað við miðgildi viðkomandi þekjubils (tafla 1). Við samanburð var æðplöntutegundum skipt niður í hópa: grös, hálfgrös/hærur, byrkninga, smárunna og tvíkímblaða blómjurtir.

Gróska innan mælisniða var metin, sem er margfeldi af hæð gróðurs (cm) og þekju háplantna (%), sem endurspeglar þessar tvær breytur. Gróska gefur grófa mynd af uppskeru æðplantna. Gildum var raðað í fjóra flokka: 1: <100, 3: 101–500, 6: 501–1600 og 10: >1600.

### 3. NIÐURSTÖÐUR

#### 3.1 Bæjarey

|                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|----------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Ísnet 349316 545111.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <i>Stærð:</i>                    | 27,2 ha.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 15,4 m.y.s.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <i>Landeigandi:</i>              | Lilja Gunnarsdóttir.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <i>Vaxtar staðall:</i>           | Miðlungs (Viðauki 1).                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 9 vistgerðir, 4 flokkar manngert land og fjöruvistir (mynd 4, tafla 3).                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | 97 (tafla 7). Til viðbótar voru nokkrar gróðursettar fjölærar plöntur sem hefur verið komið fyrir í garðinum, sem ekki voru settar á plöntulista. Auk þess fannst á eyinni lífræn jarðvegsskán (snjómosi), melagambri, hraungambri, bikarfléttur kræðufléttur, engjaskófir, hrúðurfléttur og breiskjufléttur.                                                                                                  |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Kría, stelkur, sílamáfur, rjúpa, jaðrakan, heiðlóa, lóupræll, teista, þúfuttlingur, skógarpröstur, sandlóa, æður, lundi, tjaldur, óðinshani, álf, maríuerla.                                                                                                                                                                                                                                                   |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp, gömul fjárhús. Séra Friðrik Eggertz afkomandi Magnúsar Ketilssonar sýslumanns hóf búskap í Akureyjum 1851-1879 (Ævar Petersen, 1989). Athyglisverðustu mannvirkjaleifar sem enn sjást í Akureyjum eru frá tíð hans. Hann lét reisa tvílyft íbúðarhús með kjallara og turni árið 1859 og hlaða kringum það mikla stétt. Húsið stendur enn er að litlu leiti byggt úr því gamla (Ævar Petersen, 1989). |


Bæjarey er stærsta eyjan í Akureyjarklasanum og jafnframt eina sem var í byggð, en þar er nú búið yfir sumartímann og er jafnframt eina eyjan sem búið var á (mynd 2). Í eyinni er mikil þekja hvannar (*Angelica archangelica*), stökum stöðum alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) (mynd 3). Þurr holt með mosum og fléttum, krækilyng (*Empetrum nigrum*), vinglar (*Poa ssp.*) og víðir (*Salix ssp.*) og votlendi inn til miðju. Sjávarfitjar má finna meðfram sjónum á um helming strandlengjunnar og ofan þeirra, hrímblaðka (*Atriplex glabriuscula*), þá helst á sunnan og vestanverðri eyjunni. Bæjarey var stærsta eyjan í athuguninni og með mesta fjölbreytileikann í gróðri og vistgerðum.



Mynd 2. Bæjarey, horft að bænum frá vestri.



Mynd 3. Horft að bænum við alaskalúpínubreiðu.



Mynd 4. Vistgerðir í Bæjarey og Magáli og staðsetningar á gróðursniðum (AEY01, AEY02, AEY03).

### 3.2 Akurey og Magáll

|                                  |                                                               |
|----------------------------------|---------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Ísnet 349922 545190.                                          |
| <i>Stærð:</i>                    | Akurey: 8,3 ha.<br>Magáll: 0,3 ha.<br>Bæjareyjahólmi: 0,8 ha. |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | Akurey: 13,7 m.y.s. Magáll: 4,2 m.y.s.                        |
| <i>Landeigandi:</i>              | Lilja Gunnarsdóttir.                                          |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt.                                                         |
| <i>Vaxtar staðall:</i>           | Akurey: miðlungs Magáll: miðlungs (Viðauki 1).                |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 7 vistgerðir og fjöruvistir (mynd 4, mynd 7 og tafla 3).      |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | Akurey: 51.<br>Magáll: 6.                                     |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Lundi, hrossagaukur, æður, lóupræll.                          |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp.                                                     |


Akurey er frekar há eyja en ekki mjög hæðótt með votlendi í lægðum, mos- og graslendi ofar sem er í göngufæri á fjöru frá Bæjarey (mynd 5). Magáll er smá eyja rétt sunnan til við Bæjarey, sem er einnig í göngufæri á fjöru. Þar er æðarvarp og fábreytt gróðurfar þar sem aðallega er að finna melgresi (*Leymus arenarius*), önnur grös og hvönn (mynd 6).



Mynd 5. Akurey, horft vestur.



Mynd 6. Magáll.



Mynd 7. Vistgerðir í Akurey.

### 3.3 Klofrífur

|                                  |                                                                 |
|----------------------------------|-----------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Ísnet 348571 545796.                                            |
| <i>Stærð:</i>                    | 1,2 ha.                                                         |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 13,2 m.y.s.                                                     |
| <i>Landeigendur:</i>             | Lilja Gunnarsdóttir.                                            |
| <i>Beitarálag:</i>               | Meðal.                                                          |
| <i>Vaxtarstaðall:</i>            | Hátt (Viðauki 1).                                               |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 1 vistgerð og fjöruvistir (mynd 10, tafla 4).                   |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | 28.                                                             |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Sílamáfur, stelkur, tjaldur, æður. Lundaholur á hæstu bungunum. |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp.                                                       |


Lítill eyja þar sem eru klettur með stuðlabergi og holubergi á nokkrum stöðum (mynd 8, mynd 9). Áberandi beitarálag á norður og suður hlutanum. Mikið af geldingahnapp (*Armeria maritima*), túnsúru (*Rumex acetosa subsp. islandicus*) í bland við hvönn og grös.



Mynd 8. Norðausturhluti Klofjfa.



Mynd 9. Suðurhluti Klofrífa.



Mynd 10. Vistgerðir í Klofrífum.

### 3.4 Skjaldarey

|                                  |                                                 |
|----------------------------------|-------------------------------------------------|
| <b>Staðsetning:</b>              | Ísnet 348966 545620.                            |
| <b>Stærð:</b>                    | 4,2 ha.                                         |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 11,3 m.y.s.                                     |
| <i>Landeigandi:</i>              | Lilja Gunnarsdóttir.                            |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt til meðal.                                 |
| <i>Vaxtarstaðall:</i>            | Miðlungs (Viðauki 1).                           |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 2 vistgerðir og fjöruvistir (mynd 13, tafla 4). |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | 37.                                             |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Stelkur, sílamáfur, tjaldur, æður.              |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp.                                       |


Ein af nyrstu eyjunum í úttektinni, bungótt, hæst í miðjunni og út til enda á sumum stöðum (mynd 11, mynd 12). Algengasta vistgerðin er sjávarkletta- og eyjavist en þar skiptist hún í nokkrar undirvistgerðir, helst melgresi, hvönn, njóli og túnsúra á austanverðri eyinni meðfram strandlengjunni. En síðan grös og reyrgresi á norðanverðri eyinni og grös með blómjurtum á sunnanverðri eyinni, helst hvönn og túnsúra. Í votlendinu var búið að bíta störin en lítið beitarálag annars staðar.



Mynd 11. Austurhluti Skjaldareyjar.



Mynd 12. Miðhluti Skjaldareyjar.



Mynd 13. Vistgerðir í Skjaldarey.

### 3.5 Arnórseyjar

|                                  |                                                                                                                                                                            |
|----------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Seley: Ísnet 350389 545741, Miðey: Ísnet 350573 545774.<br>Suðurey: Ísnet 350473 545573, Suðureyjahólmi: Ísnet 350587 545562.                                              |
| <i>Stærð:</i>                    | Seley: 3,4, Miðey: 2,6 ha, Suðurey: 2 ha, Suðureyjahólmi: 0,11 ha.                                                                                                         |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 11,5 m.y.s. (Seley).                                                                                                                                                       |
| <i>Landeigandi:</i>              | Lilja Gunnarsdóttir.                                                                                                                                                       |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt.                                                                                                                                                                      |
| <i>Vaxtarstaðall:</i>            | Seley: miðlungs Miðey: miðlungs. Suðurey og Suðureyjahólmi: miðlungs (Viðauki 1).                                                                                          |
| <i>Vistgerðir:</i>               | Seley: 5 vistgerðir og fjöruvistir, Miðey: 1 vistgerð og fjöruvistir og Suðurey og Suðureyjahólmi: 1 vistgerð og fjöruvistir (mynd 17, tafla 5).                           |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | Seley: 42, Miðey: 32 (engjaskófir og svarðmosi). Suðurey: 29.                                                                                                              |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Seley: æður, tjaldur, hrossagaukur, þúfuttlingur. Miðey: stelkur, maríuerla, þúfuttlingur, æður, hrossagaukur (og hreiður). Suðurey: lundi, sílamáfur, þúfuttlingur, æður. |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp.                                                                                                                                                                  |

Seley: fremur hálend, sérstaklega um miðbikið (mynd 14). Aðallega sjávarkletta- og eyjavist með mest áberandi grösum og blómjurtum. Í norðurenda eyjarinnar er vatn sem greinilega er mikið sótt í af fuglum og votlendi í lægð í miðri eyinni. Miðey: hálend og tiltölulega flatlend og slétt land en þýft, með hvönn, reyrgresi, túnvingul, túnsúru, vallhæru mest áberandi tegundir (mynd 15). Suðurey: slétt há eyja, mjög lítil tegundafjölbreytni (mynd 16). L7.7 ríkjandi – hvönn og reyrgresi.




Mynd 14. Seley, horft austur.



Mynd 15. Miðey.



Mynd 16. Suðurey.



Mynd 17. Vistgerðir í Arnórseyjum.

### 3.6 Vesturey

|                                  |                                                                  |
|----------------------------------|------------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Ísnet 348189 544976.                                             |
| <i>Stærð:</i>                    | 6,5 ha.                                                          |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 7,4 m.y.s.                                                       |
| <i>Landeigandi:</i>              | Lilja Gunnarsdóttir.                                             |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt.                                                            |
| <i>Vaxtarstaðall:</i>            | Hátt (Viðauki 1).                                                |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 4 vistgerðir og fjöruvistir (mynd 20, tafla 4).                  |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | 46, auk engjaskófar.                                             |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Stelkur, tjaldur, sílamáfur, teista, lundi, heiðlóa, kría, æður. |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðarvarp.                                                        |


Norðurhluti eyjunnar skiptist í tvennt með sjávarfitjum í fjöruborðinu. Mest áberandi tegundirnar eru melgresi í bland við hvönn og reyrgresi og túnsúru. Holt með hvönn, reyrgresi, túnsúru en lægðir votar. Þessi eyja skar sig úr hvað varðar háan vaxtarstaðal þar sem var mikil þekja melgresis og hvanna á holtum, en þar voru háar plöntur. Frekar erfitt aðgengi (mynd 18, mynd 19).



*Mynd 18. Suðurhluti Vestureyjar.*



*Mynd 19. Norðurhluti Vestureyjar.*



Mynd 20. Vistgerðir í Vesturey.

### 3.7 Lyngey

|                           |                                                                                                                                                                                            |
|---------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Staðsetning:              | Ísnet 348371 544530                                                                                                                                                                        |
| Hæsta hæð:                | 15,4 m.y.s.                                                                                                                                                                                |
| Stærð:                    | 17,5 ha.                                                                                                                                                                                   |
| Landeigandi:              | Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir.                                                                                                                                                     |
| Beitarálag:               | Lítið.                                                                                                                                                                                     |
| Vaxtar staðall:           | Miðlungs (Viðauki 1).                                                                                                                                                                      |
| Vistgerðir:               | 5 vistgerðir og fjöruvistir (mynd 24, tafla 4).                                                                                                                                            |
| Fjöldi æðplöntutegunda:   | 54, auk svarðmosa ( <i>Sphagnum sp.</i> ), hraungambra ( <i>Racomitrium lanuginosum</i> ) og engjaskófa, hrúðurfléttna og bikarfléttna.                                                    |
| Sjáanlegar fuglategundir: | Stelkur, teista, kría, sílamáfur, tjaldur, þúfutittlingur, æður, lóupræll, skógarpröstur, hrossagaukur.                                                                                    |
| Nýting og minjar:         | Friðrik Eggertz, fyrrum ábúandi í Akureyjum lét reisa lítinn bæ, hlöðu og fjárhús fyrir 50 kindur í Lyngey og hafði þar fólk á vetrum til að hirða um þær (Ævar Petersen, 1989). Æðarvarp. |

Nokkuð flöt eyja en mjög þýfð, votlendi á vestur hluta eyjarinnar og frekar bratt niður að sjó. Graslendi mest áberandi á austurhlutanum, en annars grös í bland við ætihvönn (*Angelica archangelica*), brennisóley (*Ranunculus acris*), túnsúru (*Rumex acetosa subsp. islandicus*) og fl. blómjurtir. Ætihvönn (*Angelica archangelica*) er áberandi planta um alla eyju nema helst í votlendinu (mynd 21, mynd 22, mynd 23).



Mynd 21. Lyngey, horft norður.



Mynd 22. Suðurhluti Lyngeyjar.



Mynd 23. Austurhluti Língeyjar.



Mynd 24. Vistgerðir í Língey.

### 3.8 Höfn og hólmar

|                                  |                                                                         |
|----------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|
| <i>Staðsetning:</i>              | Ísnet 348839 543859.                                                    |
| <i>Stærð:</i>                    | 8,3 ha.                                                                 |
| <i>Hæsta hæð:</i>                | 25,6 m.y.s.                                                             |
| <i>Landeigandi:</i>              | Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir.                                  |
| <i>Beitarálag:</i>               | Lágt.                                                                   |
| <i>Vaxtar staðall:</i>           | Miðlungs (Viðauki 1).                                                   |
| <i>Vistgerðir:</i>               | 1 vistgerð og fjöruvistir (mynd 27, tafla 5).                           |
| <i>Fjöldi æðplöntutegunda:</i>   | 48, auk bikarfléttna og engjaskófa.                                     |
| <i>Sjáanlegar fuglategundir:</i> | Lundi, tjaldur, stelkur, hrossagaukur, þúfutittlingur, maríuerla, æður. |
| <i>Nýting og minjar:</i>         | Æðardúnstekja. Mögulega minjar (Ísnet: 348692 543724).                  |


Höfn er frekar hálend eyja og öll í smálautum. Þar var algengasta vistgerðin sjávarkletta- og eyjavist, en undirvistgerðin grös og reyrgresi língresis- og vingulvist á hólum, en reyrgresi (*Hierochloe odorata*) og ætihvönn (*Angelica archangelica*) mest áberandi í bland við staka melgresis/hvannar blettir víðsvegar um eyna (mynd 25, mynd 26). Höfn og Bæjarey voru einu eyjarnar sem blágresi (*Geranium sylvaticum*) fannst á og var það í töluverðri þekju við lendingastaðinn í Höfn. Norðan megin hvönn og reyrgresi og á nokkrum stöðum hvönn/melgresi. Votlendislægð á miðri eyinni. Síðast var beitt sauðfjár í eyinni um 2007-2009.



Mynd 25. Höfn, horft suður.



Mynd 26. Höfn, horft norður, en víkin sem notuð er sem landing til hægri á mynd.



Mynd 27. Vistgerðir í Höfn.

### 3.9 Björgúlfsey

